Formannafundur Klifursambands Íslands

Nr. fundar: ?	**Dagsetning:** 10.12.2025
Tími: 18:00	**Staður:** Ármúli 21 (á netinu)
Fundarstjóri: Laufey	**Fundarritari:** Benedikt
Viðstödd: Laufey Rún (framkvæmdastjóri), Benedikt (formaður stjórnar), Björgvin (Klifurfélag Vestfjarða), Elisa (Fimleikafélagið Björk), Hilmar (Klifurfélag Reykjavíkur), Sturla (Klifurfélag ÍA), Íris (Klifurfélag Öræfa) (sat ekki allan fundinn)	

Efni fundar

1. Laufey kynnir starf KÍ á árinu og fer yfir hlutverk KÍ ásamt því að fara yfir starfið.
2. Næsta klifurþing 25. Mars, engar athugasemdir við þá dagsetningu.
3. Benedikt fór yfir breytingar á afreksstefnu KÍ,
    a. Breytingar samþykktar samhljóða

Önnur mál

- Umræður um aðstöðumál í Reykjavík. Hilmar sagði frá stöðunni með toppstöðina.
- Björgvin fór yfir stöðuna hjá Klifurfélagi Vestfjarða. Nefndi að það væri gott að fá fólk frá öðrum félögum í heimsókn í bæinn fyrir samvinnu og samstarf.
- Umræða skapaðist um fókus á starfið, Björgvin ræddi aðeins mikilvægi þess að stunda keppni vs. barna og unglingastarf. Samstaða var um að þátttaka í keppni er bara hluti af markmiðum, félagana stór hluti af þeirra starfi er að halda úti barna og unglingastarfi. Gefa börnum og unglingum tækifæri til að kynnast og stunda klifur og taka þátt í skipulögðu íþrótta og tómstundastarfi. Enda verður lítið úr afreki án slíks grunnstarfs.

Fundi slitið kl 19:30